


## VISKA (VISIBLE SKILLS OF ADULTS)

**VISKA ER ERASMUS KA 3 STEFNUMÓTUNAR-  
VERKEFNI SEM FRÆDSLUMIÐSTÖÐ  
ATVINNULÍFSINS OG IÐAN FRÆDSLUSETUR  
STÝRA HÉRLENDIS FYRIR HÖND MENNTA- OG  
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTISINS.**

Skills Norway leiðir heildarverkefnið fyrir hönd norska menntamálaráðuneytisins, en aðrir samstarfsaðilar eru frá Belgíu, flæmska menntamálaráðuneytið og Írlandi, Quality and Qualifications Ireland – QQI og Cork Institution of Technology er rannsóknaraðili. Verkefnið hófst í febrúar 2017 og er til þriggja ára.

VISKA er tilrauna- og rannsóknarverkefni sem miðar að því að þróa tæki, undirbúa og framkvæma stefnumótandi tilraun þar sem stuðlað er að heildrænu og aðgengilegu raunfærnimatskerfi fyrir markhóp þess.

Markhópurinn er aðallega innflytjendur og flóttafólk auk einstaklinga sem ekki hafa lokið formlegri menntun á framhaldsskólastigi. Markhópurinn á Íslandi eru pólskir innflytjendur sem starfa í bygginga- og matvælagreinum. Áhersla er lögð á að þróa viðmið og aðferðir til að draga fram og meta þekkingu, leikni og hæfni fullorðinna. VISKA beinir jafnframt sjónum að því að gera yfirfæranlega færni (e. transversal skills) einstaklingsins, svo sem persónulega og sérhæfða færni sýnilega svo að hún nýtist sem best.



## FIMM MEGINÞÆTTIR VISKA

- 1) Þróa og efla tengslanet hagsmunaaðila í sveitarfélögum og á landsvísu (stefnumótendur, aðilar vinnumarkaðarins og fagfólk sem vinnur með ráðgjöf og raunfærnimat/mat á færni).
- 2) Þróa og/eða aðlaga verkfæri sem nýtt eru í mati á færni, með rafræna miðla og einstakling snálgun í huga, til að nýta með sérstökum markhópum og tryggja gæði raunfærnimats.
- 3) Skapa sameiginleg viðmið fyrir skráningu og mat á yfirfæranlegri færni fyrir fjölbreytta markhópa (innflytjendur og/eða fólk með litla formlega menntun).
- 4) Þjálfun og/eða færniuppbygging fyrir náms- og starfsráðgjafa og aðra fagaðila sem koma að raunfærnimati, með ákveðna markhópa í huga.
- 5) Bæta aðgengi að og þekkingu á mati á færni og þeirri þjónustu og stuðningi sem í boði er, með ákveðna markhópa í huga.

### Framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda fyrir árin 2016–2019

Meginþættirnir miða að því að efla starfshæfni innflytjenda með því að draga fram og meta færni þeirra og auka þar með möguleika á að fá störf við hæfi og hlúa að félagslegri aðlögun. Þessar áherslur eru í fullu samræmi við þingsályktun um framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda fyrir árin 2016–2019. Þar segir meðal annars að Alþingi álykti að tryggja eigi innflytjendum jafna stöðu og tækifæri til náms, meta eigi þekkingu þeirra og reynslu og gera ferli þar að lútandi einfaldara.

